

## Mál nr. 72/2017

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.**

**Ágreiningur um fjárhæð bóta vegna tjóns á hjólhýsi.**

**Gögn.**

Málskot, móttækið 1.3.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 9.3.2017, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 1. júlí 2016 urðu skemmdir á hjólhýsi í eigu M af völdum bifreiðar sem var ábyrgðartryggð hjá V. Ekki er ágreiningur um að tjónið sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingunni. Að beiðni V var hjólhýsið skoðað á nafngreindu viðgerðarverkstæði og lagt mat á hver viðgerðarkostnaður væri vegna tjónsins.

Kveðst M hafa haft samband við V þar sem honum hafi verið tjáð að tjónið væri metið á um 970.000 krónur. Síðar hafi hann óskað eftir því að fá bæturnar greiddar út, en þá hafi V boðið 450.000 krónur í samkomulagsbætur sem síðar hafi verið hækkað í 500.000 krónur. Hann hafi verið ósáttur við þessa fjárhæð og óskað skýringa á því hvernig fjárhæðin væri fundin út. Hafi hann fengið þau svör að það væri ekki gefið upp – „nema það að þeir lækkuðu alla stuðla við útreikninginn og þannig fengist þessi tala.“ Hann hafi jafnframt óskað eftir afriti af þeirri tjonamatsskýrslu sem unnin var af fyrrgreindu viðgerðarverkstæði en verið synjað um það. Fyrir úrskurðarnefnd kvartar M undan höfnun V á að afhenda afrit af tjonamatinu sem það lét framkvæma, svo og undan höfnun V að greiða bætur samkvæmt matinu án rökstuðnings og án þess að rökstyðja þann mun sem hafi verið á viðgerðarkostnaði samkvæmt matinu og þeim bótum sem V hafi boðið í samkomulagsbætur.

V kveðst hafa boðið M að láta gera við tjónið á verkstæði honum að kostnaðarlausu. M hafi ekki fallist á það og farið fram að fá greiddar samkomulagsbætur vegna tjónsins og hafi V boðið í því skyni 500.000 krónur í bætur, en M hafi ekki sætt sig við þá fjárhæð. V kveðst ekki samþykkja að úrskurðað verði um fjárhæð bóta, sbr. 3. gr. samþykktu fyrir nefndina. Þá telur V að það falli utan starfssviðs nefndarinnar að úrskurða um það hvort því beri að afhenda tjonamat það sem unnið var fyrir V. Með vísan til þessa krefst V þess að málinu verði vísað frá.

**Álit.**

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Með því að V hefur ekki samþykkt að nefndin úrskurði um fjárhæð bóta í máli þessu er vísað frá kvörtunum M um er lúta að fjárhæðum bóta fyrir tjónið, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

Samkvæmt síðari málslið 1. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefndina úrskurðar nefndin um ágreiningur sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Að því marki, sem ágreiningur málsaðila varðandi upplýsingar um fjárhæð þeirra bóta sem V hefur boðið M, kann að snerta lög um vátryggingarsamninga úrskurðar nefndin um ágreininginn. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 30/2004 skulu vátryggingafélög sjá til þess að tjonþolar fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur til þeirra eru ákveðnar. Ljóst þykir að ágreiningur málsaðila varðar upplýsingaskyldu V á grundvelli þessa ákvæðis laganna um vátryggingarsamninga. Af gögnum málsins verður að telja ljóst að V hefur boðið M bætur að fjárhæð 500.000 krónur fyrir tjon á hjólhýsi M án þess að gera skýra grein fyrir því hvernig fjárhæðin er fundin út og hvernig hún kunnir að samrýmast því tjonsmati sem V aflaði hjá áður nefndu verkstæði auk þess sem V hefur synjað M um afrit af matinu. Telja verður að M hafi ríka þörf fyrir ítarlegar upplýsingar um þær bætur sem V hefur boðið honum, þ. á m. hvort eða hvernig bæturnar taki mið af því tjonsmati sem V aflaði. Þær upplýsingar sem V veitti M í þessu sambandi voru af skornum skammti og fullnægðu ekki þeim skyldum sem hvíldu á V samkvæmt téðu ákvæði 2. mgr. 9. gr. laga nr. 30/2004.

**Niðurstaða.**

Vísað er frá kröfu M varðandi ágreining um fjárhæð bóta vegna tjóns á hjólhýsi hans.

Upplýsingagjöf V í tengslum við ákvörðun þess um bætur fyrir tjón á hjólhýsinu samrýmdist ekki ákvæðum 2. mgr. 9. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Reykjavík, 4. apríl 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.